



# Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

## Gjaldskrá Undralands Flúðum fyrir árið 2023

Kjarnatími leikskólans er milli kl. 8-16 mánuðaga – fimmtudaga og 8 – 15 á föstudögum.

- Öll börn í Leikskólanum Undralandi sem lögheimili eiga í Hrunamannahreppi fá gjaldfrjálsa vistun frá kl. 8:00 – 14:00.
- Leikskólagjöld vegna vistunar eftir kl. 14:00 verða sem hér segir:

Tími	mánaðargjald
Milli 14:00 – 15:00	6000,-
Milli 14.00 – 16:00	14000,-

- Vistunargjald fyrir hverjar 15. míni utan kjarnatíma er 5.690,- kr. pr. mánuð, hjá öðrum 1.025,- kr. pr.mán.
- Innheimt er sérstakt gjald fyrir hverjar 15 mínútur fyrir barn sem kemur of snemma að morgni og eða ef sótt er of seint. Gjaldið er 560,- kr. fyrir hverjar byrjaðar 15 mínútur.
- Fæðisgjald er innheimt af öllum börnum og fer gjaldið eftir gjaldskrá mótneytis Flúðaskóla hverju sinni.

Fyrir árið 2023 verður gjaldið eftirfarandi:

	pr. dag	pr. mán
Hádegisverður	420	8.400,-
Morgunhressing	110	2.200,-
Síðdegishressing	140	2.800,-

Ef barn er veikt í þrjá daga eða lengur samfleytt er hægt að sækja um að felldur sé niður mótneytiskostnaður þá daga og þá sem eftir koma séu dagarnir fleiri. Foreldrar skulu senda upplýsingar um svo langvarandi veikindi til leikskólastjóra, [undraland@undraland.is](mailto:undraland@undraland.is) eigi síðar en 22. hvers mánaðar.

- Afsláttur vegna forgangshópa og systkina er eftirfarandi:

Forgangshópar	25%
Systkinaafsláttur	50%

Systkinaafsláttur reiknast af dvalargjaldi eldri gjaldskyldra systkina á kjarnatíma.

Þeir sem rétt eiga á forgangsaflætti eru eftirfarandi:

**Námsmenn í fullu námi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:**

Vera í háskólanámi og skráðir í að lágmarki 30 ECTS einingar á önn. Skila skal skólavottorði fyrirfram fyrir hverja önn þar sem fram koma upplýsingar um einingafjölda og staðfesting á því að um fullt nám sé að ræða. **Námið sem tekið er gilt er það sama og nám sem lánshæft er hjá LÍN.**

**Einstæðir foreldrar:** Afsláttur er veittur að fenginni umsókn foreldrís. Umsókn skal endurnýjuð árlega, fyrir 15. ágúst og afhent leikskólastjóra. Foreldri sem greiðir leikskólagjald sem einstætt foreldri þarf að vera skráður einstæður í þjóðskrá.

**Öryrkjar:** Foreldri sem er 75% öryrki eða getur framvísað gildu endurhæfingarlífeyrisskírteini fær afslátt af vistunargjaldi. Umsókn skal fylgja afrit af örorkuskírteini sem staðfestir að lágmarki 75% örorku eða endurhæfingarlífeyrisskírteini. Afsláttur reiknast frá þeim degi sem afrit örorkuskírteinis berst leikskólastjóra.

**Ekki er hægt að fá bæði forgangsaflátt og systkinaafslátt. Afsláttur er ekki veittur afturvirk.**

Geti barn ekki sótt leikskóla vegna veikinda í fjórar vikur samfellt eða lengur geta foreldrar sótt um allt að 50% afslátt af leikskólagjöldum. Afsláttur er veittur fyrir þann tíma er veikindi vara gegn framvísun læknisvottorðs sem staðfestir að barnið hafi ekki getað sótt leikskóla.

Sækja verður um afsláttinn innan þriggja mánaða frá því að veikindum lýkur.

Ef barn fer í leyfi á öðrum tíma en á sumarleyfistíma leikskóla falla leikskólagjöld ekki niður né afsláttur veittur.